

Minnisblað, 5. september 2022

Til: Rannveig Einarsdóttir

Frá: Ólafur Heimir Guðmundsson

Dags.: 05.09.2022

Málsnúmer:

Efni: Sérstakur húsnæðisstuðningur

Samkvæmt reglum Hafnarfjarðarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning greiðir bærinn 900 kr. fyrir hverjar 1.000 kr. sem einstaklingur fær í húsnæðisbætur frá Húsbót að uppfylltum tilgreindum skilyrðum.

Skilyrðin eru eftirfarandi:

- Formskilyrði:
 - Umsókn um húsnæðisbætur (vegna tilgreinds leigusamnings) frá Húsbót þarf að liggja fyrir og þarf sú umsókn að hafa hlotið samþykki ásamt því að í umsókninni hafi það verið samþykkt að upplýsingum verði deilt með sveitarfélaginu.
 - Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning (vegna tilgreinds leigusamnings) hjá sveitarfélaginu þarf að liggja fyrir.
 - Sú fasteign sem tilgreindur leigusamningur er gerður um sé staðsett í sveitarfélaginu.
- Fjárhæðaskilyrði, viðmiðunarfjárhæðir til skerðingar:
 - Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna á sl. ári mega ekki vera hærri en 6.500.000 kr.
 - Húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til lækkunar vegna húsnæðisbóta og lækkunar vegna sérstaks húsnæðisstuðnings getur ekki orðið lægri en 50.000 kr.
 - Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur getur ekki numið hærri fjárhæð en 82.000 kr.
 - Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur getur ekki orðið hærri en sem nemur 75% af húsnæðiskostnaði (mánaðarlegri leigufjárhæð).

Viðmiðunarfjárhæðir til skerðingar hafa ekki tekið breytingum frá því reglurnar voru settar að undanskildu eignaviðmiðinu sem hefur verið uppfært reglulega í samræmi uppfærslu á leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum félags- og vinnumálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings sem voru uppfærðar í sl. mánuði var viðmiðunarfjárhæð vegna mats á áhrifum eigna hækkuð upp í 6.664.673 kr. Hækkun á eignaviðmiði 6,5 m.kr. í framangreinda fjárhæð hefði í ágúst sl. haft þau áhrif að aðeins einn einstaklingur sem ekki fékk sérsakan húsnæðisstuðning í ágúst sl. vegna eignaviðmiðs (6,5 m.kr.) hefði fengið stuðninginn.

Þann 1. júlí síðastliðinn hækkðu almennar húsnæðisbætur frá Húsbót um 10% ásamt því að frítekjumörk hækkðu um 3%.

Hækkun almennra húsnæðisbóta hafði þau áhrif á útreikning sérstakra húsnæðisbóta hjá Hafnarfjarðarbæ að fleiri einstaklingar en áður lentu í skerðingu vegna 82.000 kr. og 50.000 kr. viðmiðanna. Um það bil 98 einstaklingar fengu skerðingu milli mánaðanna maí og júní samtals að fjárhæð u.þ.b. 420 þ.kr. samanborið við 198 einstaklinga milli mánaðanna júní og júlí samtals að fjárhæð u.þ.b. 840 þ.kr.

Hækkun á 82.000 kr. skilyrðinu um samanlagðan stuðning veldur hækkun á sérstökum húsnæðisstuðningi hjá þeim sem eru nálægt þeirri fjárhæð en hækkun á 50.000 kr. skilyrðinu um húsnæðiskostnað veldur lækkun hjá þeim sem eru nálægt þeirri fjárhæð.

Með hækkun á 82.000 kr. skilyrðinu um 10% verður sú fjárhæð 90.200 kr. Áætluð áhrif hækkunarinnar sem metin eru útfrá afgreiðslu stuðningsins í ágúst sl. eru að u.þ.b. 290 fleiri einstaklingar lenda ekki í skerðingu (þar af um 270 sem fá fulla hækkun 8.200 kr.) og áætlaður kostnaðarauki vegna þessa er u.þ.b. 2,2 m.kr. á mánuði eða 26,5 m.kr. á ári.

Ólafur Heimir Guðmundsson